Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Leikskólinn Borg

Starfsáætlun 2026 – 2027

SAMAN BYGGJUM VIÐ BORG

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 6
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 14
3.1 Hæglæti og lækkun á streitu-skori í viðhorfskönnun. 15
3.2 Innleiðingarferli flæðis (e. flow state) – áframhald. 16
3.3 Samræmd uppeldis- og samskiptastefna. 17
3.4 Aukin fagþekking starfsfólks. 18
3.5 Starfstengd kerfi og vinnunetföng. 19
4. Starfsþróunarsamtöl 20
5. Fræðsla út frá umbótaþáttum leikskólans 20
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 21
7. Foreldrasamstarf 21
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 22
9. Fylgiskjöl: 23
9.1 **Innra mat yngstu deilda 2025-2026** 23
9.2 **Innra mat miðdeilda 2025-2026** 25
9.3 **Innra mat elstu deilda 2025-2026** 26
9.4 **Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027** 28
10. 1. Innra mat sérkennslu 31
10.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2025-2026 32
11. Innra mat – Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 34
11.1 Umbótaáætlun - Fjöltyngi 2025-2026 34
12. Umsögn foreldraráðs 36

1. Greinargerð leikskólastjóra

Þegar litið er um öxl hefur skólaárið 2025-2026 verið einkar lærdómsríkt. Í þessari greinargerð verður fjallað um líðandi skólaár sem og áætlun fyrir það næsta sett fram.

Venju samkvæmt er aðlögun nýrra barna stóra verkefni fyrstu vikna hvers skólaárs. Við fengum til okkar tæplega 40 ný börn sem hófu leikskólagöngu sína í Borg eða komu til okkar frá öðrum leikskólum. Stóra aðlögunin var í lok ágúst og byrjun september en einnig hafði svipgrúm skapast fyrir börn að hefja aðlögun í júní. Aðlögun nýrra barna gekk vel og gaman er frá því að segja að mikil ánægja var bæði meðal foreldra og starfsfólks að hefja aðlögun í júní.
Í vetur hefur leikskólinn verið fullmannaður en bæði skammtíma- og einstaka langtímaveikindi hafi skapað áskoranir af og til. Lögð hefur verið rík áhersla á að tryggja börnum og starfsfólki öruggt, styðjandi og uppbyggilegt náms- og starfsumhverfi. Þegar fjarvera starfsfólks hefur verið það mikil að ekki var unnt að tryggja viðunandi aðstæður hefur þurft að grípa til fáliðunar og skerðingar á vistun. Við höfum þó mun sjaldnar þurft að grípa til fáliðunar en á síðasta skólaári, sem er ánægjuleg þróun. Við höfum upplifað skilning meðal foreldra þegar þessar aðstæður koma upp og kunnum þeim bestu þakkir fyrir. Það er jafnframt mikilvægt fyrir foreldra að vera upplýst um að það kemur ekki til skerðingar á starfsemi nema nauðsynlega þurfi. Góð samskipti gera okkur kleift að vinna krefjandi verkefnin í sameiningu, þar sem markmið heimilis og skóla er alltaf sameiginlegt; að börnin séu örugg, að þeim líði vel og aðstæður þeirra innan leikskólans séu góðar.

Á skólaárinu höfðum við fjölbreytt verkefni á áætlun. Sum þeirra voru á dagskrá frá upphafi skólaársins en önnur óvænt og óumbeðin.

Nýtt tilraunaverkefni leikskólanna í Breiðholti og Suðurmiðstöð var sett á laggirnar á haustmánuðum 2025. Talmeinafræðingur var með viðveru í leikskólanum á ákveðnum tímum sem okkur hefur þótt sérlega góð viðbót við starfið og mjög þörf. Markmið verkefnisins var að nýta sérþekkingu talmeinafræðings til að styðja við starf starfsfólksins í daglegu starfi. Með nærveru í leik- og námsumhverfi barnanna gat talmeinafræðingur veitt ráðgjöf og komið með ábendingar um leiðir til að efla málörvun og styðja við þá þætti sem falla undir hans sérsvið. Þetta er einstaklega mikilvægt verkefni og er enn í mótun. Við vonumst til að verkefnið sé komið til að vera og haldi áfram á næsta skólaári.

Við fórum af fullum krafti inn í **innleiðingu hugmyndafræði um flæði** (e. flow state) í starfinu. Það hefur verið krefjandi og fróðlegt ferli sem við höfum lært mikið af. Við ætluðum okkur að ná langt með innleiðingu á skólaárinu en þurftum að hægja á okkur þegar leið á veturinn. Það hefur ekki komið að sök, enda viljum við gera þetta vel og höfum lært að góðir hlutir gerast hægt og sérstaklega ef við ætlum að festa þá í sessi. Hæglátt leikskólastarf hefur verið stefna okkar í Borg undanfarin ár svo við höfum ekki átt í vandræðum með að hægja á okkur og endurskoða innleiðingarferlið með tilliti til þarfa starfsmannahópsins.

Stjórnendateymi skólans sótti sér **TRAS réttindi** á skólaárinu. Þetta er tæki sem er notað til að fylgjast með málþroska barna. Það gefur líka færi á að skoða samskipti barna og þar með gefið vísbendingu um stöðu á öðrum félagslegum þáttum. Til stóð að sýna foreldrum TRAS skráningu barna sinna í foreldraviðtölum í vor. Vegna ófyrirséðra verkefna varð það ekki að veruleika þetta vorið. Við einsetjum okkur að TRAS verði notað í foreldraviðtölum næsta skólaárs.

Hallfríður Hera Gísladóttir, Fríða**,** bættist í hópinn okkar og tók við starfi sérkennslustjóra í Borg. Það var mikið lán fyrir okkur. Hún er þroskaþjálfi og starfaði áður sem teymisstjóri á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Fríða leiðir nú sérkennsluteymi Borgar og heldur áfram að þróa vinnulag teymisins út frá þörfum barnanna.

Einn hápunktanna hjá okkur á hverju ári er opnunarhátíð **Barnamenningarhátíðar**. Þá stíga elstu börnin á svið í Eldborgarsal Hörpu þar sem þau syngja lög eftir ákveðinn listamann. Yfir þessu verkefni ríkir mikill hátíðarbragur og mjög fallegt að sjá öll börnin stíga á stokk eftir æfingar undanfarinna vikna og mánaða. Þetta er verkefni sem er unnið í samstarfi við Tónskóla Sigursveins og lærdómstækifærin eru óteljandi í öllu ferlinu.

Verkefnin sem komu óumbeðin og með skömmum fyrirvara voru sem betur fer ekki mörg. **Óvænt langtímaveikindi** komu upp í hópnum sem er miður fyrir lifandi starfsemi. Heilsan skiptir þó öllu máli og mikilvægt að henni sé sinnt. Rótleysi á tveimur deildum, þar sem langtímaveikindi komu óvænt upp, varð því miður veruleikinn um tíma en við reyndum okkar besta til að bregðast við þeim aðstæðum.

Stærstu áskoranir skólaársins og verkefnin sem enginn óskaði sér voru stóru **húsnæðismálin.** Snemma á vormánuðum var ljóst að báðar starfsstöðvar, Arnaborg og Fálkaborg, þyrftu umtalsvert viðhald. Flutningur á starfseminni úr nærumhverfi langflestra barna og starfsmanna hafði í för með

sér mikið álag. Breytingar á staðsetningu reyndu mikið á starfsfólk og foreldra, enda aðstæður þessa stóra hóps margvíslegar með tilliti til samgöngumáta, atvinnumála, stuðningsnets og svo framvegis. Þrátt fyrir að þetta hafi verið eitt umfangsmesta og krefjandi verkefni sem skólinn hefur staðið frammi fyrir lít ég til baka með miklu þakklæti og stolti. Frá upphafi til enda sýndi starfsfólkið einstaka aðlögunarhæfni og óbilandi metnað fyrir velferð barnanna. Lausnamiðuð hugsun, samvinna og jákvætt viðhorf einkenndu ferlið og enn á ný varð ljóst hversu miklu góð samheldni getur skilað þegar áskoranir mæta okkur. Við eigum foreldrum einnig mikið að þakka fyrir skilning, sveigjanleika og samstarfsvilja á tímum mikillar óvissu og breytinga. Þegar horft er til þeirra áskorana sem fylgdu flutningnum og breyttum aðstæðum var alls ekki sjálfgefið að aðlögunin tækist jafn vel og raun varð á. Fyrir það er ég innilega þakklát. Samstaða alls samfélagsins sem stendur á bakvið Borg skipti sköpum og gerði okkur kleift að halda áfram að bjóða börnunum upp á öruggt, hlýlegt og uppbyggilegt námsumhverfi þrátt fyrir krefjandi aðstæður. Þegar upp er staðið eru það oft verkefnin sem við hefðum helst kosið að sleppa sem kenna okkur mest. Síðasta skólaár hefur verið lærdómsríkt fyrir okkur öll. Ef draga ætti einn lærdóm af því væri það að mæta breytingum af ró, bjartsýni og gleði.

Framtíðin er björt fyrir leikskólann Borg. Þegar framkvæmdum á húsnæði skólans lýkur fáum við tækifæri til að þróa starfsemina áfram og skapa umgjörð sem styður við velferð og vellíðan barna og starfsfólks.

Með vinsemd og virðingu,

Linda Rún Traustadóttir, leikskólastjóri í Borg

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026 samanstóð af eftirfarandi þáttum:

- Stjórnun – Skólanámskrá Borgar
- Uppeldis- og menntastarf – Flæði (e. flow state) í starfi
- Uppeldis- og menntastarf – Skráningar á þroskaframvindu barna og aukin notkun ferilmappa
- Foreldrasamstarf – Foreldraviðtöl á haust- og vorönn (yfirferð TRAS skráningar á vorönn)
- Mannauður og leikskólabragur – Áframhaldandi hæglátt starfsumhverfi í innleiðingarferli flæðis

Hvað var metið?	Skólanámskrá Borgar.
Hvernig fór matið fram?	Mat hefur ekki farið fram.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Mat hefur ekki farið fram.
Helstu niðurstöður mats	**Styrkleikar:** Vinna við gerð skólanámskrárinnar hefur staðið yfir á skólaárinu og heldur áfram. Starfsfólk hefur tekið þátt í mótun hennar, meðal annars í gegnum hópavinnu á skipulagsdögum, þar sem markmiðið er að sjónarmið, reynsla og hugmyndir alls starfsfólks endurspeglist í námskránni. Niðurstöður úr síðustu foreldrakönnun (2025) og öðru foreldrasamstarfi hafa einnig verið nýttar til mótunar skólanámskrárinnar. **Tækifæri til umbóta:** Við sjáum áfram tækifæri til að efla rödd og þátttöku barnanna í þróun skólanámskráarinnar. Skólanámskrá Borgar verður birt á næstunni og markar mikilvægan áfanga í þeirri vinnu sem hefur staðið yfir. Skólanámskráin er tæki sem verður að geta tekið breytingum, enda endurspeglar hún síbreytilega starfsemi. Á næsta skólaári munum við halda áfram að vinna að frekari útfærslu og styrkingu einstakra þátta námskráarinnar.

Hvað var metið?	Flæði (e. flow state) í starfi.
Hvernig fór matið fram?	Símat, þ.e. samræður á fundum stjórnendateymis og á starfsmannafundum þar sem innleiðing var metin.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats	**Styrkleikar:** Mikill vilji og hugur í starfsmannahópnum og tilhlökkun á innleiðingu hugmyndafræðinnar inn í starf og stefnu okkar í Borg. Við höfðum undirbúið okkur töluvert árið á undan með fræðslu og jafnframt búið að ákveðnum grunni út frá hæglætisstefnu okkar í náms- og starfsumhverfinu. **Tækifæri til umbóta:** „Föstudagsflæði“ hafði fram að síðasta skólaári verið vinsæll liður í starfinu meðal barnanna. Þótt heitið vísi til flæðis er fyrirkomulagið ekki byggt á flæðiskenningunni sem innleiðing okkar snýst um, heldur á fyrirfram skipulögðu og stýrðu starfi. Föstudagsflæðið vísaði til þess að fyrirfram ákveðnar stöðvar voru í boði og börnin gátu valið sér þær stöðvar sem þeim hugnaðist, óháð staðsetningu í leikskólanum. Í upphafi skólaársins kom fljótlega í ljós að við fórum of hratt í innleiðinguna á hugmyndafræðinni um flæðisástand og við hægðum á okkur. Við vorum vön því að vera búin að skipuleggja þann efnivið og viðfangsefni sem voru í boði dag hvern og þurftum að dýpka þekkingu á fræðilegum skilningi flæðisástands. Við jukum við umræður og fræðslu á deildarfundum, stjórnendateymisfundum og á skipulagsdögum. Það hefur gefist vel en ljóst að innleiðing mun taka lengri tíma svo vel muni takast og starfshættir festast í sessi.

Hvað var metið?	Skráningar á þroskaframvindu barna og aukin notkun ferilmappa.
Hvernig fór matið fram?	Samræður á deildarstjórafundum og deildarfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi varðandi skráningar, auk alls starfsfólks varðandi notkun ferilmappa.
Helstu niðurstöður mats	**Styrkleikar:** Allir deildarstjórar auk aðstoðarleikskólastjóra fóru á TRAS námskeið á skólaárinu og fengu réttindi til að nota það skráningartæki. TRAS-skráningar hafa verið gerðar fyrir mörg börn og deildarstjórar hafa æft sig á notkun skráningartækisins. Ferilmöppur eru þáttur í starfinu allt frá upphafi leikskólagöngunnar og þar til henni lýkur. Með aukinni þekkingu á uppeldisfræðilegum skráningum og verkefnum sem eiga heima í ferilmöppum barnanna hefur notkun þeirra orðið markvissari. **Tækifæri til umbóta:** Reynsla af notkun TRAS fer vaxandi og þá skapast tækifæri til að styrkja frekar skipulag og utanumhald skráninga. Jafnframt sjáum við tækifæri til að skapa gott aðgengi í daglegu starfi sem auðvelda deildarstjórum og/eða öðru starfsfólki með TRAS réttindi að framkvæma skráningar. Ferilmöppur og þau gögn sem í þær fara eru í sífelldri þróun. Við höfum færi á því að auka við fjölbreytni þess sem sett er í möppurnar þar sem þær eiga að mótast af áhugasviði hvers barns. Þar með er rík krafa um að kennarar og starfsfólk séu opnir fyrir nýjum hugmyndum sem skilar fjölbreyttari ferilmöppum.

Hvað var metið?	Foreldrasamstarf – foreldraviðtöl á haust- og vorönn með sýnileg gögn um þroskaframvindu barna (TRAS-skráning).
Hvernig fór matið fram?	Uppgjörsfundur stjórnendateymis í lok skólaárs 2025-2026.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi skólans.
Helstu niðurstöður mats	**Styrkleikar:** Eins og til stóð var foreldrum boðið í foreldraviðtöl haustið 2025 sem fóru fram með hefðbundnum hætti. Á vormánuðum komu upp flutninga á starfsemi beggja starfsstöðva og sameining starfseminnar. Vegna aðstæðna var metið sem svo að ekki væru forsendur fyrir því að boða til formlegra foreldraviðtala þar sem TRAS yrði notað sem aðalgagn til að fara yfir þroskaframvindu barnanna. Foreldrar voru upplýstir um það þegar líða tók á skólaárið. Foreldrar gátu þó óskað eftir foreldraviðtölum ef þau vildu og voru þónokkrir sem nýttu sér það. **Tækifæri til umbóta:** Þar sem deildarstjórar höfðu nýlega sótt TRAS réttindi þegar flutningar og sameining á starfsstöðvunum áttu sér stað voru ekki forsendur til að vinna skráningu fyrir hvert barn með þeim faglega og ígrundaða hætti sem við gerum kröfur um. Við höfum alla burði til að nýta TRAS skráninga sem gögn í foreldraviðtölum á komandi skólaári enda vonumst við til að áskoranir í starfsumhverfinu verði ekki með sama hætti og á vorönn 2026.

Hvað var metið?	Áframhaldandi hæglátt náms- og starfsumhverfi í innleiðingaferli flæðis.
Hvernig fór matið fram?	Símat á fundum stjórnendateymis og stjórnenda yfir skólaárið. Einnig metið á starfsmannafundum skólaársins með öllu starfsfólki.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats	**Styrkleikar:** Starfsfólk í Borg er meðvitað um mikilvægi hæglætis í náms- og starfsumhverfinu. Hæglátt umhverfi hefur verið okkar megináhersla síðustu ár og er grundvallarforsenda þess að starfsfólki líði vel, upplifi sig örugg og geti lagt sig fram af heilindum og hlýju í starfi. Við höfum unnið statt og stöðugt í því að viðhalda og bæta við þekkingu okkar á mikilvægi hæglætis í starfsumhverfinu. Við vorum ófeimin við að hægja á innleiðingarferli flæðis í starfi á upphafsmánuðum skólaársins. Það þótti nauðsynlegt til að tryggja hópurinn öðlaðist færni í notkun hugmyndafræðinnar án þess að upplifa aukna pressu eða óvissu um hlutverk sitt. Við höfum nýtt skipulagsdaga skólaársins markvisst til fræðslu og umræðu um mikilvægi streitulítils og hægláts starfsumhverfis. Jafnframt höfum við fengið handleiðslu frá Eyþóri Eðvarssyni, stjórnendaþjálfara og MA í vinnusálfræði, þar sem allt starfsfólk hefur tekið þátt í verklegum æfingum og ígrundun sem hefur sannarlega stutt við markmið okkar um hæglæti í síbreytilegu umhverfi. **Tækifæri til umbóta:** Að viðhalda og efla hæglátt náms- og starfsumhverfi er verkefni sem aldrei klárast. Það krefst stöðugrar meðvitundar og ígrundunar. Við munum halda áfram á innleiðingu hugmyndafræði flæðis með hæglæti í starfi að leiðarljósi. Ferlið mun taka lengri tíma en upphaflega var áætlað en við lítum á það sem mikilvægan þátt í faglegri þróun starfsins. Með því að gefa breytingum tíma til að festast í sessi skapast sterkari grunnur fyrir betri starfshætti, aukna vellíðan starfsfólks og meiri gæði í náms- og starfsumhverfi skólans.

Ytra mat

Viðhorfskönnun starfsfólks Reykjavíkurborgar fór fram eins og venja er. Það er afar ánægjulegt að sjá að einkunnir hafa hækkað á öllum þáttum frá síðasta ári, eins og fram kemur hér að neðan.



Þá er ánægjulegt að sjá að leikskólinn Borg mælist með hæstu meðaleinkunn á sjö af níu þáttum í samanburði við aðrar starfsstöðvar Reykjavíkurborgar. Þrátt fyrir að skor varðandi launakjör og vinnuskilyrði mælist hærra annars staðar kemur Borg best út í heildarmati allra þátta. Það eru niðurstöður sem við erum stolt af og hvetja okkur til að halda áfram á sömu braut.

Hvað var metið?	Viðhorfskönnun starfsfólks Reykjavíkurborgar
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk Borgar. Stjórnendur rýndu niðurstöður þegar þær bárust.
Helstu niðurstöður mats	Stjórnendur rýndu niðurstöður könnunarinnar þegar þær bárust. Niðurstöður voru kynntar á starfsmannafundi 13. mars 2026. **Styrkleikar:** Einkunnir hækka á öllum þáttum könnunarinnar sem er ánægjuleg þróun. Allir þættir könnunarinnar skipta máli fyrir starfið og áframhaldandi þróun þess. Niðurstöðurnar staðfesta að stjórnendur og starfsfólk hafa lagt sig fram við að bæta gæði starfsins. Við metum sem svo að þessi þróun endurspegli markvisst umbótastarf, aukna samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsfólks á gæðum skólastarfsins. **Tækifæri til umbóta:** Lægstu þættir könnunarinnar snúa að launakjörum og vinnuskilyrðum. Eins og gefur að skilja getum við ekki stýrt launamálum og því verður sá þáttur ekki tíundaður hér. Varðandi vinnuskilyrði fór af stað atburðarás á vormánuðum 2026 sem dylst engum sem starfa eða eiga börn í Borg. Náms- og starfsaðstæður hafa verið til skoðunar um langt skeið, enda hafa óviðunandi loftgæði og skortur á rými verið viðvarandi vandamál. Framkvæmdir eru nú í gangi í báðum húsum Borgar sem eiga að endingu að leiða til betri náms- og starfsaðstæðna. Við höfum ekki stjórn á verkefni sem þessu og berum traust til þeirra sem stjórnina hafa. Við bíðum spennt eftir að komast með starfsemina í varanlegt og viðunandi húsnæði í hverfinu okkar. Könnunin inniheldur jafnframt sérstakar spurningar sem tengjast streitu. Skor leikskólans Borgar á streitueinkennum er 3,39. Við munum leggja sérstaka áherslu á að vinna með niðurstöður þeirra spurninga í umbótaáætlun skólans. Það samræmist áherslu okkar á hæglátt umhverfi sem er verkefni sem aldrei klárast. Markmiðið er að draga enn frekar úr streitu þannig að einkunnir á þessum spurningum lækki milli kannana.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Umbótaáætlun okkar fyrir komandi skólaár samanstendur af eftirfarandi þáttum:

- Hæglæti og lækkun á streitu-skori í viðhorfskönnun.
- Innleiðingarferli flæðis (e. flow state) – áframhald.
- Samræmd uppeldis- og samskiptastefna.
- Aukin fagþekking starfsfólks.
- Starfstengd kerfi og vinnunetföng.

3.1 Hæglæti og lækkun á streitu-skori í viðhorfskönnun.

Mannauður/leikskólabragur	
Umbótaþáttur.	Hæglæti og lækkun á streitu-skori í viðhorfskönnun.
Tækifæri til umbóta. Hvaða árangri er stefnt að?	Í viðhorfskönnun starfsfólks Reykjavíkurborgar eru spurningar sem tengjast streitu starfsfólks. Markmið skólaársins er að lækka skor á þeim spurningum.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Stjórnendur bera ábyrgð á að tryggja starfsfólki fræðslu og stuðning sem tengist hæglæti í starfi. Jafnframt bera stjórnendur ábyrgð á að áherslur skólans séu með þeim hætti að styðja við velferð og vellíðan starfsfólks og hvetja til þess að forðast óþarfa álag. Deildarstjórar bera ábyrgð á að leiða deildarstarfið í samræmi við þessar áherslur og nýta þau verkfæri og þá þekkingu sem starfsfólk hefur aflað sér, meðal annars í gegnum fræðslu um hæglæti og streituminna starfsumhverfi. Markmiðið er að skapa aðstæður sem styðja við vellíðan, fagmennsku og gæði starfsins til hagsbóta fyrir börn og starfsfólk.
Ábyrgð.	Allt starfsfólk leggur sitt af mörkum til að minnka streitu í starfsumhverfinu. Ábyrgð hvers og eins tekur mið af því hlutverki og verkefnum sem viðkomandi sinnir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Þetta er verkefni sem klárast aldrei og þarf alltaf að vinna að. Niðurstöður viðhorfskönnunar munu þó liggja fyrir á vormánuðum 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Með niðurstöðum úr viðhorfskönnun starfsfólks.
Viðmið um árangur.	Árangur metinn með tölum úr viðhorfskönnun. Ef skor verður lægra en í niðurstöðum könnunarinnar 2025-2026 er markmiði náð.

3.2 Innleiðingarferli flæðis (e. flow state) – áframhald.

Uppeldis og menntastarf	
Umbótaþáttur.	Innleiðingarferli flæðis (e. flow state) – áframhald.
Tækifæri til umbóta.	Upphaf innleiðingar á flæði í starfi hófst formlega í upphafi skólaársins 2025-2026. Fljótlega varð ljóst að það tæki lengri tíma en upphaflega var áætlað. Við munum halda áfram í að innleiða á hugmyndafræðina.
Aðgerðir til umbóta. **Hvernig á að framkvæma það?**	Til þess að efla þekkingu starfsfólks mun fræðsla á skipulagsdögum taka mið af þessum umbótaþætti. Fræðsla um flæðisástand og hvað þarf til að einstaklingar komist í það ástand. Jafnframt verður „innlitum“ fjölgað þar sem stjórnendur eiga regluleg samtöl við starfsfólk um flæði og leikskólastarf. Markmiðið er að tengja fræði við daglegt starf og auka faglega umræðu og skilning. Einnig að skapa vettvang til að eiga í samtali um faglegt starf með flæði í fyrirrúmi til að styðja við þróun starfsins.
Ábyrgð.	Stjórnendateymi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – ferli sem tekur nokkur ár.
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildarfundir Deildarstjórafundir Starfsmannafundir Skrá í fundargerðir upplifun starfsfólks. Skrá niður eftir innlit við starfsfólk ef það eru sérstök atriði sem þarf að huga að í innleiðingunni. Hlusta á þarfir starfsfólks. Meta ferlið í lok árs 2026 og fyrir lok skólaársins 2027.
Viðmið um árangur.	Að námsumhverfið í Borg einkennist af þeirri hugmyndafræði að starfsfólk búi börnum það námsumhverfi að geta komist í flæðisástand. Þar ætti hvert og eitt barn að fá tækifæri til að læra í því umhverfi sem endurspeglar áhugasvið þeirra.

3.3 Samræmd uppeldis- og samskiptastefna.

Uppeldis- og menntastarf	
Umbótaþáttur.	Samræmd uppeldis- og samskiptastefna.
Tækifæri til umbóta.	Styrkja samræmd vinnubrögð starfsfólks í samskiptum við börn og efla félagsfærni, sjálfstjórn og vellíðan þeirra.
Aðgerðir til umbóta. **Hvernig á að framkvæma það?**	Innleiða uppeldis- og samskiptastefnu skólans með áherslu á Uppeldi til ábyrgðar og Færni til framtíðar. Fræðsla fyrir starfsfólk, umræður á deildar- og starfsmannafundum og markviss notkun hugtaka og aðferða í daglegu starfi.
Ábyrgð.	Allt starfsfólk ber ábyrgð á að vinna samkvæmt þeirri stefnu sem sett verður í daglegu starfi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Framvinda rædd á stjórnendateymisfundum og starfsmannafundum. Metið með rýnihópavinnu á skipulagsdögum.
Viðmið um árangur.	Samræmi er í starfsháttum og viðbrögðum starfsfólks og börn sýna aukna ábyrgð, færni í samskiptum og sjálfstjórn.

3.4 Aukin fagþekking starfsfólks.

Uppeldis- og menntastarf	
Umbótaþáttur.	Aukin fagþekking starfsfólks.
Tækifæri til umbóta.	Efla sameiginlegan faglegan skilning á leik sem námsleið barna og hlutverki starfsfólks í að styðja nám, vellíðan og þroska.
Aðgerðir til umbóta. **Hvernig á að framkvæma það?**	Regluleg, stutt samtöl milli stjórnenda og starfsfólks þar sem tekin eru fyrir afmörkuð málefni tengd faglegu leikskólastarfi. Í samtölunum er lögð áhersla á að efla skilning á leik sem námsleið barna og hlutverki starfsfólks varðandi að styðja nám, vellíðan og þroska barna.
Ábyrgð	Stjórnendateymi ber ábyrgð, auk þess sem allt starfsfólk tekur virkan þátt í verkefninu.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Verkefnið verður metið í starfsþróunarsamtölum vorsins 2027. Deildarstjórar meta jafnframt hvort aukinn faglegur skilningur og þekking starfsfólks endurspeglist í daglegum starfsháttum á deildum.
Viðmið um árangur.	Starfsfólk getur tengt faglega þekkingu út frá samtölum við dagleg verkefni og útskýrt hvernig þau styðja við nám, vellíðan og þroska barna.

3.5 Starfstengd kerfi og vinnunetföng.

Mannauður	
Umbótaþáttur.	Starfstengd kerfi og vinnunetföng.
Tækifæri til umbóta. **Hvaða árangri er stefnt að?**	Tryggja að allt starfsfólk hafi aðgang að og geti nýtt vinnunetfang og önnur starfstengd kerfi Reykjavíkurborgar.
Aðgerðir til umbóta. **Hvernig á að framkvæma það?**	Farið verður yfir tölvuaðgang starfsfólks með sérstakri áheslu á að geta skráð sig inn á vinnunetfang og starfstengd kerfi Reykjavíkurborgar. Upplýsingamiðlun verður í auknum mæli í gegnum þessi kerfi til að stuðla að reglulegri notkun þeirra.
Ábyrgð.	Stjórnendur bera ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni. Allt starfsfólk ber ábyrgð á að nýta vinnunetfang og starfstengd kerfi í samræmi við verklag leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustönn 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið með samtali á starfsmannafundum á haustönn 2026 (september og nóvember).
Viðmið um árangur.	Allt starfsfólk hefur virkan aðgang að vinnunetfangi og öðrum starfstengdum kerfum Reykjavíkurborgar og nýtir í starfi eftir því sem við á.

4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fara fram á vormánuðum ár hvert í Borg. Í ár hófust þau í lok apríl sem er seinna en undanfarin ár. Samtölin munu klárast í júníbyrjun 2026. Áhersla var á líðan í starfi, styrkleika hvers og eins og tækifæri til úrbóta. Færi var gefið á að ræða reynslu hvers og eins af því ferli að flytja starfsemina úr Breiðholti og í annað hverfi. Einnig var rætt um hvaða fræðslu starfsfólk teldi nýtast sér og hópnum sem heild á starfsdögum.

5. Fræðsla út frá umbótaþáttum leikskólans

Út frá starfsþróunarsamtölum vorsins 2026 var ljóst að starfsfólk var heilt yfir mjög ánægt með fræðslu á skipulagsdögum síðasta skólaárs. Starfsmannahópurinn hefur öðlast dýpri skilning á hæglæti og enn fremur hvað er hægt að gera til að minnka eða fyrirbyggja streitu í starfi. Skylda er að hafa skyndihjálp á tveggja ára fresti í leikskólum og á komandi skólaári er komið að næsta skyndihjálparnámskeiði. Það verður á dagskrá á haustönn 2026.

Út frá áhersluþáttum okkar munum halda áfram að fá fræðslu um hæglæti og streitustjórnun út frá ólíkum sjónarhornum. Við munum einnig efla fræðslu um flæðisástand, ákjósanlegan efnivið og áhugahvetjandi námsumhverfi. Á komandi skólaári munum við einnig hefja vinnu við að endurskoða og móta uppfærða uppeldis- og samskiptastefnu. Á fyrsta skipulagsdegi haustannar munum við fá fræðsluna „Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar“ og í kjölfarið hefja vinnu við að uppfæra og samræma þá stefnu í Borg.
Á síðasta skólaári fengum við fræðslu frá „Ég er unik“ sem fjallaði um orsök krefjandi hegðunar hjá börnum (áhersla á krefjandi hegðun skynsegin barna) og viðbrögðum okkar starfsfólks. Í starfsþróunarsamtölum var starfsfólk sem óskaði eftir fræðslu sem tók á sama eða svipuðu viðfangsefni og við munum setja það á dagskrá í vetur.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn Borg hefur lengi verið í góðu samstarfi við grunnskólann í hverfinu, Breiðholtsskóla og frístundarheimilið Bakkasel. Í upphafi hvers skólaárs er útbúið samstarfsskipulag sem unnið er eftir allt skólaárið. Sérstaklega eru það elstu börnin í Borg hverju sinni sem eru í mestu samstarfi við Breiðholtsskóla og Bakkasel. Á skólaárinu sem er að líða var samstarf milli skólans og ÍR þó ekki eins og síðustu ár en fyrir því voru tvær ástæður. Farið að rukka fyrir notkun íþróttahúss sem var óljóst hvort yrði við komið í fjárhagslíkani skólans. Hin ástæðan eru flutningar á starfsemi skólans þar sem ekki var unnt að fá þjálfara frá ÍR í skólann til að sinna íþróttatímum elsta hóps.
Til stendur að samstarfsáætlun verði endurskoðuð í ágúst 2026 þar sem farið verður yfir áætlun fyrir skólaárið 2026-2027 og gera breytingar ef þörf þykir.

7. Foreldrasamstarf

Foreldrasamvinna er einn af stóru þáttunum í farsælu leikskólastarfi, þar sem samvinna heimilis og skóla er grundvöllur fyrir velferð barnanna í Borg. Foreldraráð er starfrækt í Borg og núverandi ráð var kosið í upphafi skólaárs 2025-2026. Það skipa sex foreldrar sæti í ráðinu. Foreldrafélag er einnig starfandi. Það stendur fyrir viðburðum yfir skólaárið, svo sem jólaföndri, páskaeggjaleit, skemmtun á sumarhátíð og hefur einnig styrkt útskriftarferð elstu barna undanfarin ár með þátttöku í kostnaði.

Á komandi skólaári verður lagt upp með fasta liði líkt og undanfarin ár í foreldrasamstarfi:

- Foreldrum nýrra barna boðið að koma í fyrsta samtal til okkar í leikskólann áður en leikskólavist hefst. Tækifæri til að kynnast og sjá skólann, fylla út dvalarsamning og aðra pappíra, fá aðlögunarplan, spyrja spurninga ef eitthvað er óljóst og þess háttar.
- Foreldrafundir í upphafi skólaárs, oftast haldnir í september/október ár hvert.
    - Farið yfir áherslur skólaársins (aðalatriði starfsáætlunar kynnt).
    - Deildarstjórar kynnt starf deilda.
    - Samtal um praktísk atriði og spurningar ef foreldrar hafa.
- Foreldrum boðið í fjölskyldukaffi einu sinni á önn.
- Sumarhátíð (15 ára afmælis- og sumarhátíð 1. júlí 2026).
- Foreldrasamtöl tvisvar sinnum á skólaári, haustönn og vorönn. Oftar ef foreldrar óska þess.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaársins eru eftirfarandi:

- 11. september 2026
- 27. nóvember 2026 (sameiginlegur með Bakkaborg og Breiðholtsskóla)
- 2. janúar 2027
- 1. febrúar 2027 (sameiginlegur með Bakkaborg og Breiðholtsskóla)
- 27. apríl 2027 – Menntastefnumót (sameiginlegur með Bakkaborg og Breiðholtsskóla)
- 28. maí 2027

Vetrarfrí í leikskólum Reykjavíkurborgar verður mánudaginn 22. febrúar 2027 og þann dag er leikskólinn lokaður.

Skráningardagar

Skráningardagar leikskólans eru á sama tíma og vetrarfrí grunnskóla Reykjavíkurborgar.
Foreldrar sem þurfa á vistun að halda skrá börn í vistun á þessu tímabili:

- 10.–20. september fyrir skráningardaga í október (vetrarleyfi) og desember (milli jóla- og nýárs).
- 10.–20. janúar fyrir skráningardaga í febrúar (vetrarleyfi, á aðeins við um þriðjudaginn 23. febrúar 2027) og mars (dymbilvika).

Foreldrar verða upplýstir um fyrirkomulag skráningar og skráningarfrest með tölvupósti.
Á skráningardögum er lágmarksmönnun í skólanum og ekki hefðbundið leikskólastarf í gangi.

9. Fylgiskjöl:

9.1 Innra mat yngstu deilda 2025-2026

Umbótaþættir síðasta skólaárs: Flæði og skráningar

Styrkleikar

Við lögðum okkur fram við að skapa rólegt umhverfi þar sem börnin fá að kanna umhverfi sitt á eigin forsendum með stuðningi frá starfsfólki deildanna. Aðlögun nýrra barna vel og myndaðist fljótt traust og gott samstarf milli heimila og leikskóla.

Á skólaárinu höfum við unnið með flæði og hæglæti í öllu starfi og hefur það verið leiðarljós í daglegu skipulagi. Við erum enn að æfa okkur á því að innleiða hugmyndafræðina um flæði sem miðar að því að börnin velja viðfangsefni og leik eftir eigin áhugasviði. Sýnileg jákvæð áhrif þessarar nálgunar eru á líðan barnanna, samskipti þeirra og leik og út frá aukinni ró, þar sem við höfum minnkað „klukkustýringu“ á dagskipulagi. Þessi áhersla hefur gert að verkum að börnin hafa fengið tækifæri til að staldra lengur við í leik og kanna viðfangsefni sín á sínum hraða. Að sama skapi hefur áherslan á hæglæti í umhverfinu haft jákvæð áhrif á starfsmannahóp deildarinnar og skólans sem heild þar sem við erum hvött til að eiga rólegar og faglegar stundir í starfinu.

Skipulag starfsins út frá grunnþáttum menntunar einkenndist meðal annars af hreyfingu, málörvun, lestrarstundum, listsköpun, sjálfseflingu, hugtakavinnu, hljóðkerfisvitund, einkum í gegnum verkefnið *Lubbi finnur málbein*, útiveru, söngstundum og síðast en ekki síst frjálsum leik. Börnunum var skipt í litla hópa í markvissum innlagnarstundum til að tryggja þátttöku, öryggi og betri tengsl við hvert barn. Sú nálgun gaf starfsfólki aukin tækifæri til að fylgjast með þroska, áhugasviði og þörfum barnanna.

Starfið í vetur gekk heilt yfir vel að mati starfsfólks. Með góðri samvinnu starfsfólks, stjórnenda og fjölskyldna tókst að halda stöðugleika og samfellu í starfinu þrátt fyrir að áskoranir tengdar flutningum á starfseminni hafi komið upp á vormánuðum.

Tækifæri

Við höfum tækifæri til að æfa okkur áfram með flæði að leiðarljósi í starfinu. Það hvetur okkur til þess að skoða innra starfið okkar, umhverfi og efnivið deildanna sem börnin hafa aðgang að öllum stundum. Við ætlum samhliða því að halda áfram að skapa rólegt námsumhverfi með hæglæti að leiðarljósi, þar sem leitast verður við að mæta hverju barni út frá styrkleikum og áhugasviði. Hluti af umbótaáætlun skólans felur í sér að nota TRAS-skráningu fyrir öll börn. Deildarstjórar sóttu TRAS réttindi á síðasta skólaári og byrjuðu að gera TRAS-skráningar á börnum. Það er verkefni sem er komið vel af stað og á næsta skólaári verður verkefni okkar að nota TRAS fyrir öll börnin í þeim tilgangi að efla starfið og koma til móts við þarfir hvers og eins þeirra.

9.2 Innra mat miðdeilda 2025-2026

Umbótaþættir síðasta skólaárs: Flæði og skráningar

Styrkleikar

Á skólaárinu var lögð áhersla á flæði í starfinu og hæglæti er nátengt því. Við höfum unnið lengi í því að auka hæglæti í starfinu og minnka streitu og klukkustýringu athafna. Styrkleikar okkar eru miklir á því sviði. Á miðdeildum var áhersla lögð á að börnunum væri skipt upp í litla hópa í sem flestum athöfnum til að stuðla að sem mestu hæglæti. Það gekk í heildina með ágætum. Í því umhverfi skapast ákjósanlegri námstækifæri þar sem börnunum er gefið aukið rými og aukinn tími til að auka þekkingu, reynslu, og sjálfstæði. Við nýttum einnig minni hópa til að stunda útinám og var til að mynda farið í spennandi gönguferðir í nærumhverfi leikskólans. Námsefnið “Úti er ævintýri” var kynnt fyrir börnunum og var virkilega spennandi og vel nýtt.

Í tengslum við flæði og hæglæti í starfi var skipulag starfsins í sífelldri skoðun. Við vorum óhrædd við að gera breytingar á skipulagi með það að markmiði að stuðla að auknu flæði og meiri ró, sem dæmi má nefna að færa morgunmat barnanna inn á deild úr matstofu, sem hefur tekist einstaklega vel.

Tækifæri

Skólinn í heild hefur unnið að innleiðingu flæðis (e. flow state) út frá fræðilegri kenningu um flæði og halda áfram að vinna með hæglæti í umhverfinu. Þrátt fyrir að innleiðingarferlið hafi formlega hafist á skólaárinu var ákveðið að hægja á því. Við höfum tækifæri til þess að efla þekkingu okkar á hugtakinu og nota inn í fjölbreytt starf með leikinn að leiðarljósi. Leikurinn er aðalnámsleið barnanna til þess að læra og munum efla okkur í að styðja við börnin til að komast í flæðisástand, þar sem þau fá tækifæri til að gleyma stað og stund og læra í því umhverfi sem endurspeglar áhugasvið þeirra.

Skráningar voru hluti af umbótaáætlun okkar á skólaárinu sem er að líða. Á haustmánuðum fóru allir deildarstjórar á TRAS réttindanámskeið og hófu í kjölfarið að æfa sig á notkun þess.

TRAS er tæki til að fylgjast með málþroska barna og getur einnig gefið vísbendingar um stöðu barna á öðrum félagslegum þáttum. Á skólaárinu náðist ekki að hefja skráningu fyrir öll börn. Á komandi skólaári verða TRAS skráningar gerðar fyrir öll börn þar sem við fáum tækifæri til að efla starfið okkar út frá þörfum barnanna. Einnig verða þær skráningar nýttar sem gögn í foreldraviðtölum á vorönn 2027.

9.3 Innra mat elstu deilda 2025-2026

Umbótaþættir síðasta skólaárs: Flæði og skráningar

Styrkleikar

Starfið á elstu deildum hefur gengið vel á skólaárinu. Áhersla hefur verið lögð á innleiðingu flæðis í starfið með hæglæti í náms- og starfsumhverfi að leiðarljósi. Innleiðingin hefur tekið lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir, en starfsmannahópurinn hefur sýnt styrk með því að hægja á ferlinu og laga það að raunverulegum þörfum barna og starfsfólks.
Lögð hefur verið áhersla á að börn fái tækifæri til að læra á eigin forsendum í fjölbreyttu og hvetjandi umhverfi. Starfsmenn hafa nýtt styrkleika sína og áhugasvið í starfinu, meðal annars á sviði tónlistar, sköpunar, lesturs og málörvunar. Unnið hefur verið markvisst með börn í minni hópum þar sem tekið er mið af aldri, þroska og þörfum þeirra.
Elsti hópur leikskólans hefur tekið þátt í fjölbreyttum verkefnum og vettvangsferðum sem styðja við undirbúning fyrir grunnskóla. Þar ber hæst þátttöku barnanna í Barnamenningarhátíð, þar sem þau stigu á svið í Eldborgarsal Hörpu eftir langt og metnaðarfullt undirbúningsferli.

Í framhaldi af umbótaþætti síðasta skólaárs um uppeldisfræðilegar skráningar sóttu deildarstjórar TRAS-réttindanámskeið haustið 2025. Á skólaárinu hófst markviss notkun TRAS við skráningu styrkleika og þarfa barna, sérstaklega á sviði málþroska, en matstækið veitir einnig mikilvægar upplýsingar um aðra þroskaþætti og félagslega stöðu barna.

Tækifæri

Tækifæri til umbóta felast meðal annars í áframhaldandi innleiðingu TRAS og að skráningar verði gerðar fyrir öll börn. Það náðist ekki að gera TRAS skráningar fyrir öll börn á skólaárinu, einkum vegna skyndilegra og umfangsmikilla flutninga á starfseminni, sameiningar starfsstöðva og aðlögunar á nýjum tímabundnum stað skólans. Á því tímabili var megináhersla lögð á að tryggja farsælt flutninga- og sameiningarferli fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Það leiddi óhjákvæmilega til þess að önnur verkefni frestuðust.

9.4 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Öll börn leikskólans.	
Umbótaþáttur: **Uppeldis- og menntastarf**	Áframhaldandi innleiðingarferli á hugmyndafræði flæðis (e. flow state) í deildarstarfi.
Tækifæri til umbóta. **Að hverju er stefnt?**	Mikilvægt er að þekking og skilningur starfsfólks endurspegli fræðilega merkingu hugtaksins. Fræðileg merking hugtaksins snýst um hugarástand barna (að komast í flæði). Að því er stefnt að þekking starfsfólk á flæði í starfi haldi áfram að aukast. Jafnframt að umhverfi og efniviður deilda og sameiginlegra rýma leikskólans endurspegli starf sem leggur áherslu á flæði.
Aðgerðir til umbóta. **Hvernig á að framkvæma það?**	
Ábyrgð	Stjórnendateymi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið með samtali á stjórnendateymisfundum 1x í mánuði yfir skólaárið. Metið með hópavinnu á skipulagsdögum þar sem allt starfsfólk tekur þátt í mati.
Viðmið um árangur	Að börn hafi aðgang að fjölbreyttu umhverfi og efnivið þar sem áhugasvið hvers og eins fær að njóta sín. Enn fremur að starfsfólk tileinki sér fræðilega merkingu hugtaksins til að bæta gæði starfsins þannig að öll börn fái námsumhverfi við hæfi.

Öll börn leikskólans.	
Umbótaþáttur: **Uppeldis- og menntastarf**	TRAS skráning
Tækifæri til umbóta **Að hverju er stefnt?**	Að TRAS skráning sé gerð fyrir öll börn leikskólans og skráning nýtt til að mæta þörfum hvers barns. Skráningarblöð TRAS eiga að vera vinnutæki á deildum og aðgengileg deildarstjórum og/eða öðru starfsfólki með TRAS réttindi.
Aðgerðir til umbóta **Hvernig á að framkvæma það?**	Deildarstjórar bera ábyrgð á því að framkvæma TRAS skráningu fyrir börn hverrar deildar. Skráningarblöð TRAS eiga að vera vinnutæki á deildunum þannig skráning sé gerð jafnt og þétt yfir skólaárið.
Ábyrgð	Deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildarstjórar meta með yfirferð gagna á að minnsta kosti mánaðarfresti.
Viðmið um árangur	TRAS gögn séu til fyrir hvert barn við lok haustannar. TRAS skráningar verði notaðar í foreldrasamtölum á vorönn 2027.

Öll börn leikskólans	
Umbótaþáttur: **Uppeldis- og menntastarf**	Lestur og með áherslu á aukinn málskilning. Umbótaþáttur er miðaður að yngri börnum annars vegar og eldri börnum hins vegar.
Tækifæri til umbóta **Að hverju er stefnt?**	Lestur verði markviss og óaðskiljanlegur hluti af daglegu starfi leikskólans þannig að öll börn njóti reglulegra gæðastunda með bókum og lestri.
Aðgerðir til umbóta **Hvernig á að framkvæma það?**	Bækur eiga að vera aðgengilegar börnum þannig þau geti sótt sér bækur til þess að skoða. Kenna þarf börnunum að umgangast bækur af virðingu. Til að tryggja virka þátttöku og hámarka ávinning hvers barns verði börnum skipt í litla hópa þar sem tekið er mið af þörfum þeirra. Yngri börnum verði boðið upp á að handleika og rannsaka efnivið sem tengist efni þeirra bóka sem lesnar eru. Með því fá þau tækifæri til að tengja saman sögur, hugtök og reynslu í gegnum leik, skynjun og eigin athafnir, sem styður við dýpri skilning og nám. Eldri börnum verði boðið upp á fjölbreytt úrval bóka sem vekja áhuga þeirra skapa þar með tækifæri til samtals, ígrundunar og gagnrýninnar hugsunar um efni bókanna.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsfólk deilda. Deildarstjórar setja upp lestrarskipulag á deildum í samvinnu við starfsfólk deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildarstjórar meta á deildarfundum yfir skólaárið.
Viðmið um árangur	Skráning sé til um að börn hafi notið gæðastunda í lestri.

10. 1. Innra mat sérkennslu

Haustið 2025 voru tólf börn í Borg með stuðning, ýmist sem snemmtæka íhlutun eða úr 1. flokk. Alls voru átta starfsmenn sem sinntu sérkennslu í leikskólanum í fullu starfi eða að hluta. Nýr sérkennslustjóri, Ewa Hanna, tók við í Arnarborg haustið 2025 á sama tíma og Signý aðstoðarleikskólastjóri tók við stjórn sérkennslu í Fálkaborg. Í byrjun mars 2026 tók Hallfríður Hera, þroskaþjálfi, við sérkennslustjórn í báðum húsum.

Við í Borg lítum á hvert barn sem einstakling með sína styrkleika, þarfir og áhugasvið. Öll börn eiga það sameiginlegt að tilheyra sinni deild og taka þátt í leik og daglegu starfi á eigin forsendum. Við leggjum áherslu á að skapa umhverfi þar sem fjölbreytileiki er metinn að verðleikum og börn fá þann stuðning sem þau þurfa til að njóta sín og dafna. Stuðningur og sérkennsla eru því skipulögð út frá þörfum hvers barns og samþætt daglegu starfi eins og kostur er. Við skipulag sérkennslu og stuðnings notum við AEPS-færnimatslista. Út frá niðurstöðum matsins er gerð einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn. Einstaklingsþjálfun fer eins og kostur er fram í gegnum leik, samskipti og daglegar athafnir á deildinni. Jafnframt fá börn einstaklingsmiðaðan stuðning (vinnustundir) þegar það þjónar markmiðum þeirra best. Með reglulegri eftirfylgni út frá mati á AEPS gefst kostur á að fylgjast með framförum og aðlaga stuðninginn að þörfum þess hverju sinni.

Matstæki/skimunarlistar sem notuð voru á skólaárinu voru AEPS I og II, EFI-2, HLJÓM-2 og LANIS, sem er nýtt skimunartæki. HLJÓM-2 var lagt fyrir öll börn í elsta árgangi að hausti. Börn sem sýndu þörf fyrir frekari stuðning varðandi hljóðkerfisvitund fengu markvissa þjálfun hjá verkefnastjóra og voru síðan endurmetin með annarri fyrirlögn snemma á vormánuðum. Sama verklag var viðhaft með EFI-2 sem metur málskilning og máltjáningu og er lagt fyrir öll börn á þriðja ári. Sú þjálfun sem börn fengu út frá niðurstöðum skimunar fór fram ýmist í litlum hópum eða einstaklingslega, allt eftir stöðu og þörfum hvers barns.

Mynda og orðspjöldin „Orð eru ævintýri“ var mikið notað námsgagn í vetur eins og bókin sjálf. Einnig var notast við efni úr smiðju Lubba sem finnur málbein til að æfa hljóðkerfisvitund, hljóða og stafaþekkingu og fleira tengt læsi í víðum skilningi. Spilin frá Super Duper voru mjög vinsæl og var fjölbreyttum efnivið bætt við og/eða endurnýjaður á skólaárinu sem nýtist öllum börnum, svo sem púsl, spil og margt fleira. Einnig var unnið með

fjölbreytt verkefni sem sérkennarar hafa bjuggu til út frá þörfum barnanna. Verkefnin miða meðal annars að því að efla málþroska, fínhreyfingar, athygli og einbeitingu í gegnum leik.

10.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2025-2026

Umbótaþáttur: Sérkennsluteymi	
Tækifæri til umbóta: **Að hverju er stefnt?**	Efla sérkennsluteymi með aukinni teymisvinnu þvert á deildir þar sem börn njóta sérkennslu. Stefnt er að því að aðkoma alls starfsfólk að börnum sem njóta stuðnings verði aukin og að einstaklingsþjálfun og/eða þjálfun í hóp frá sérkennurum verði markvissari. Samræma form einstaklingsáætlana fyrir öll börn í sérkennslu.
Hvernig á að framkvæma það?	Sérkennsluteymi undir stjórn sérkennslustjóra fundar á eins til tveggja vikna fresti. Þar er markmið að samræma vinnubrögð, miðla upplýsingum og tryggja markvissa eftirfylgni með sérkennslu. Sérkennslustjóri vinnur jafnframt í nánu samstarfi við deildarstjóra og sér til þess að þeir séu upplýstir um markmið, áherslur og verkefni sérkennsluteymisins. Samhliða því verður form einstaklingsáætlana samræmt fyrir öll börn sem njóta sérkennslu til að tryggja skýrt verklag og samfellda eftirfylgni.
Hver er ábyrgðaraðili?	Sérkennslustjóri.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Umbótavinna varðandi fyrirkomulag teymissérkennslu er hafin og heldur áfram á næsta skólaári 2026-2027.
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaþáttinn?	Stjórnendur auk deildarstjóra, sérkennslustjóra og sérkennara munu meta umbótaþáttinn með reglulegum teymisfundum.
Viðmið um árangur.	Einstaklingsnámskrár fyrir börn séu einfaldar og aðgengilegar öllu starfsfólki. Starfsfólk hafi vitneskju um markmið hvers barns sem nýtur sérkennslu.

Umbótaþáttur: Skráningar	
Tækifæri til umbóta: **Að hverju er stefnt?**	Gerð einstaklingsnámskráa út frá matslista (AEPS I og II) með reglulegum uppfærslum út frá mati.
Hvernig á að framkvæma það?	Fylla út í matslista og setja fram markmið út frá niðurstöðum.
Hver er ábyrgðaraðili?	Sérkennslustjóri og sérkennarar.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2026-2027.
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaþáttinn?	Sérkennslustjóri metur um miðbik og í lok skólaárs ásamt sérkennsluteymi og stjórnendum hvernig fyrirkomulagið gekk með samtali á teymisfundum sérkennsluteymis.
Viðmið um árangur.	Að til séu aðgengilegir og útfylltir matslistar sem notaðir eru til þess að búa til eða uppfæa einstaklingsnámskrár.

11. Innra mat – Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

11.1 Umbótaáætlun - Fjöltyngi 2025-2026

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála - og menningarbakgrunn 2025-2026	
Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Greiðsla launa fyrir stöðugildi sem sinnir sértækri málörvun og kaup á efnivið og fræðslu/námskeiðum fyrir starfsfólk.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)?	Sem dæmi vinnum við með orðalista frá MMS sem og bókina Orð eru ævintýri, auk fjölbreytts efnis. Starfsfólk nýtir sérútbúnar kippur fyrir börn og starfsfólk. Þar eru myndir af einföldum athöfnum og öðru sem við notum dagsdaglega. Markmiðið með þeim er að börn sem hafa litla kunnáttu í íslensku geti með auðveldari hætti skilið hvað starfsfólk á við, einnig að börnin geti gert sig skiljanleg með myndum. Sjónrænt skipulag er aðgengilegt börnum og starfsfólki og öllum deildum.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Áhersla er lögð á lestur í fámennum hópum til að auka og dýpa orðaforða barnanna. Einnig er áhersla lögð á að nota óformlegar kennslustundir eins og tíma í fataklefa og í matartímum til ríkulegrar málörvunar.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, Hæfnirammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfnirammar hafa verið kynntir í fjölmenningar- og læsisteymi Borgar en ekki verið teknir í notkun með formlegum hætti. EFI-2 og HLJÓM-2 eru lögð fyrir börn í Borg, auk þess sem nýlegur matslisti LANIS hefur verið tekinn í gagnið. Út frá niðurstöðum er gerð áætlun um sértæka málörvun fyrir börn sem þurfa sérstaka þjálfun.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, Lesið í leik, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já.

Fyrir hönd leikskólans Borgar,

Reykjavík, 5.6.2026

Leikskólastjóri

12. Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans 2025-2026 skipa:

- Albert Pétur Einarsson
- Áslaug Einarsdóttir
- Elínborg Ásdís Árnadóttir
- Eyrún Briem Kristjánsdóttir
- Meta Pahemik

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs? Já.
Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg? Já.
Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?
Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina? Nei.

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Borgar hefur farið yfir starfsáætlun skólaársins 2026–2027. Starfsáætlunin er vönduð og endurspeglar metnað, fagmennsku og umhyggju fyrir börnunum.

Eins og fram kemur í starfsáætluninni, var stærsta og mest krefjandi verkefni skólaársins húsnæðismálin og flutningar í Ármúlann. Foreldraráð tekur þó undir orð leikskólastjóra um að það er alls ekki sjálfgefið að það óvænta verkefni og aðlögunin þar tækist jafn vel og raun bar vitni og vill nýta tækifærið og þakka starfsfólki og stjórnendum fyrir þá seiglu, sveigjanleika og jákvæðni sem þau sýndu á þessum tíma. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður upplifðu foreldrar að öryggi barnanna og hlýlegt andrúmsloft héldust áfram í forgrunni og fyrir það erum við afar þakklát. Tilfinning okkar er að starfshópurinn komi sterkari til baka úr þessari stóru áskorun.

Við fögnum þeim umbótaverkefnum sem lögð eru til fyrir komandi skólaár, meðal annars áframhaldandi þróun á flæði í starfi og að vandað sé til þeirrar þróunar, aukinni fagþekkingu starfsfólks, hæglæti og lækkun á streitu-skori og markvissari skráningu á þroskaframvindu barna. Einnig er ánægjulegt að sjá áherslu á öflugt foreldrasamstarf og að foreldraviðtöl og upplýsingagjöf verði áfram mikilvægur þáttur í starfinu.

Foreldraráð styður starfsáætlunina og hlakkar til áframhaldandi samstarfs við stjórnendur og starfsfólk á komandi skólaári.

Undirskrift fulltrúa foreldraráðs,

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar. Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST